

Góðan daginn

Á 860. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 13. mars 2019 var eftirfarandi erindi tekið fyrir og þannig bókað.

1903064 - Umsagnarbeiðni þingsályktunartillaga um þjóðaratkv.greiðslu um framtíð Reykjav.flugvallar

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 6. mars 2019 frá nefndasviði Alþingis. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um

þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar, 86. mál.

Byggðarráð samþykkir að senda eftirfarandi bókun til nefndasviðs Alþingis:

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar fagnar framkominni tillögu en leggur til að spurningin í fyrirhugaðri þjóðaratkvæðagreiðslu verði skýrari og skorinorðaðri. Spurningin hljóði svo: „Vilt þú að flugvöllur og miðstöð innanlands- og sjúkraflugs verði áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík?“

Þetta tilkynnist hér með.

F.h. byggðarráðs

Kristín